



## Fræðslunefnd FUNDUR – 2. júní 2008

Fundur haldinn í fræðslunefnd Blönduós bæjar mánudaginn 2. júní 2008 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Mæting samkvæmt undirskriftum. Sunna Gestsdóttir, formaður nefndarinnar setti fund og stjórnaði honum.

### Dagskrá:

1. Síðasta leikskólaár
2. Umhverfi og heilsa barna í norrænum leikskólum
3. Önnur mál

### Afgreiðslur:

1. Formaður setti fundinn og gaf Jóhönnu orðið þar sem hún fór yfir síðasta starfsár í leikskólanum sem var sérstakt að því leyti að ný viðbygging var tekiní notkun, einnig kom fram að börnum hefur fjölgað í leikskólanum. Svo var farið yfir starfsmannamál og það sem fram undan er, sumarlokun verður frá 14.júlí til 28.júlí.
2. Jóhanna kynnti bæklinginn “Umhverfi og heilsa barna í norrænum leikskólum” sem norræna ráðherranefndin hefur gefið út, í honum er m.a. greint frá úrræðum sem yfirvöld á norðurlöndunum hafa gripið til í að bæta umhverfi og heilsu barna.
3. **a.**Rætt var um daglegan opnunartíma í leikskólanum, og rætt um hvort þörf sé fyrir að leikskólinn verði opinn til kl 17.15.  
  
**b.**Rætt var um gjaldskrá leikskóla og setja þurfi á systkinaafslátt milli skólastiga þ.e. Skóladaheimilis og leikskóla.

Fundargerð upplesin og fundi slitið kl 18.12.

Zophonías Ari Lárusson  
Sunna Gestsdóttir  
Auðunn Steinn Sigurðsson  
Árný Þóra Árnadóttir  
Jóhanna Guðrún Jónasdóttir leikskólastjóri  
Sigríður Helga Sigurðardóttir fulltrúi starfsmanna